

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórnar og  
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 26. janúar 2023

2301034SA KB/vrh  
Málalykill: 00.03

### Efni: Boðun XXXVIII. landsþings sambandsins

Samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands Íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXVIII. landsþings sambandsins föstudaginn 31. mars nk.

Landsþingið verður að þessu sinni haldið í Grand hóteli í Reykjavík og hefst það kl. 10 að morgni og stefnt er að því að þingstörfum ljúki um kl. 15:45 síðdegis. Að þinginu loknu er áformað að halda aðalfund Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. á sama stað kl. 16:00, en þar eiga allir fulltrúar í sveitarstjórnunum seturétt. Að loknum aðalfundi lánaþjóðsins býður sjóðurinn til móttöku í Grand hóteli. Til aðalfundar lánaþjóðsins verður boðað með sérstöku bréfi frá sjóðnum.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktu sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 10. mars 2023.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@irn.is>  
**Sent:** föstudagur, 13. janúar 2023 13:57  
**Subject:** Fw: Leiðbeiningar og fyrirmynnd varðandi stefnu um þjónustustig

Tilvísun í mál: IRN22080024

### Innviðaráðuneytið vekur athygli á eftifarandi:

Vísað er í meðfylgjandi tölvupóst til allra sveitarfélaga, dags. 15. nóvember sl., en að beiðni innviðaráðuneytisins vinnur Byggðastofnun að gerð leiðbeininga og fyrirmynnd varðandi það hvernig sveitarfélög geti útfært stefnu um þjónustustig til byggðarlaga utan stærstu byggðarkjarna viðkomandi sveitarfélags. Tilefnið er nýtt ákvæði í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, sem kveður á um að „sveitarstjórn skuli móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.“

Af óviðráðanlegum orsökum hefur orðið töf á verkefninu en nú er ljóst að leiðbeiningar og fyrirmynnd muni liggja fyrir í vor sem sveitarfélög geta nýtt sér til að móta stefnu fyrir næsta ár.

Frekari upplýsingar um verkefnið veitir Sigríður K. Þorgrímsdóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun, sigga@byggdastofnun.is.

Bestu kveðjur,  
Jóhanna Sigurjónsdóttir



### Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Development  
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure  
Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8200  
<http://www.irn.is - Fyrirvari/Disclaimer>



**GRÆN SKREF**

Vinsam legast hugið að um hverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Frá: Jóhanna Sigurjónsdóttir/ SRN/NotesSTJR

Dags: 15.11.2022 13:33:42

Til:

Falið afrit: radhus@reykjavik.is, kopavogur@kopavogur.is, postur@seltjarnarnes.is, gardabaer@gardabaer.is, hafnarfjordur@hafnarfjordur.is, mos@mos.is, oddviti@kjos.is, reykjanesbaer@reykjanesbaer.is, grindavik@grindavik.is, skrifstofa@vogar.is, afgreidsla@sudurnesjabaer.is, akranes@akranes.is, skorradalur@skorradalur.is, hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is, borgarbyggd@borgarbyggd.is, grundarfjordur@grundarfjordur.is, eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is, snb@snb.is, stykkisholmur@stykkisholmur.is, dalir@dalir.is, bolungarvik@bolungarvik.is, postur@isafjordur.is, sveitarstjori@reykholar.is, talknafjordur@talknafjordur.is, vesturbyggd@vesturbyggd.is, sudavik@sudavik.is, arneshreppur@arneshreppur.is, drangsnes@drangsnes.is, strandabyggd@strandabyggd.is, skrifstofa@hunathing.is, skagastrond@skagastrond.is, skaga.byggd@simnet.is, blonduos@blonduos.is, skagafjordur@skagafjordur.is, akureyri@akureyri.is, nordurthing@nordurthing.is, fjallabyggd@fjallabyggd.is, eyrun@dalvik.is, esveit@esveit.is, horgarsveit@horgarsveit.is, postur@svalbardsstrond.is, sveitarstjori@grenivik.is, skrifstofa@tjorneshreppur.is, langanesbyggd@langanesbyggd.is, fjardabyggd@fjardabyggd.is, mulathing@mulathing.is, skrifstofa@vopnafjardarhreppur.is, fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is, postur@vestmannaeyjar.is, radhus@arbork.is,

afgreidsla@hornafjordur.is, myrdalshreppur@vik.is, klaustur@klaustur.is, asahreppur@asahreppur.is,  
hvolsvollur@hvolsvollur.is, ry@ry.is, hrni@fludir.is, hve@hveragerdi.is, olfus@olfus.is, gogg@gogg.is,  
skeidgnup@skeidgnup.is, blaskogabyggd@blaskogabyggd.is, floahreppur@floahreppur.is, ssh@ssh.is, sss@sss.is,  
ssv@ssv.is, fv@vestfirdir.is, ssnv@ssnv.is, eything@eything.is, ssa@ssa.is, bjarni@sudurland.is,  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

Efni: Leiðbeiningar og fyrirmynnd varðandi stefnu um þjónustustig

---

Tilvísun í mál: IRN22080024

**Innviðaráðuneytið vekur athygli á eftirfarandi:**

Að beiðni innviðaráðuneytisins vinnur Byggðastofnun nú að gerð leiðbeininga og fyrirmynnd varðandi það hvernig sveitarfélög geti útfært stefnu um þjónustustig til byggðarlaga utan stærstu byggðarkjarna viðkomandi sveitarfélags. Tilefnið er nýtt ákvæði í sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, sem kveður á um að „sveitarstjórn skuli móta stefnu sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðarkjörnum.“ Norðurþing varð fyrir valinu sem tilraunasveitarfélag í þessu verkefni og samstarf við sveitarfélagið hófst fljótegla eftir að sú ákvörðun var tekin. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki 1. desember nk.

Bestu kveðjur,  
Jóhanna Sigurjónsdóttir



**Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Region

Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure

Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

<http://www.irn.is> - Fyrirvari/Disclaimer



**GRÆN SKREF**

Vinsamlegast hugið að um hverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing this e-mail.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Suðurhálendi <sudurhalendi@sass.is>  
**Sent:** föstudagur, 13. janúar 2023 17:44  
**To:** Suðurhálendi  
**Subject:** Svæðisskipulag Suðurhálendis, tillaga til kynningar. Óskað er eftir umsögn ...

Ágæti viðtakandi.

Þessi tölvupóstur er sendur á sveitarfélögin sem að svæðisskipulaginu standa.

Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðurhálendis hefur samþykkt greinargerð og umhverfisskýrslu Svæðisskipulags Suðurhálendis til kynningar skv. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga og 13. og 14. gr. laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda. Tillöggunni fylgir greinargerð um landslagsgreiningu fyrir Suðurhálendi, sem er fylgirit svæðisskipulagsins.

Skipulagssvæðið nær yfir hálendissvæði níu sveitarfélaga á Suðurlandi en þau eru Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógbabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þeirra taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu.

Viðfangsefni skipulagsvinnunnar er móton framtíðarsýnar og stefnumörkun fyrir Suðurhálendið um sterka innviði, umhyggju fyrir auðlindum, ábyrga nýtingu auðlinda, aðgerðir fyrir loftslagið og góða samvinnu.


Greinargerð til kynningar ásamt umhverfisskýrslu má finna á vef SASS, <https://www.sass.is/sudurhalendi/> undir flípanum „Vinnslutilлага“. Fylgirit um landslagsgreiningu er undir samnefndum flípa.

**Svæðisskiplagstillaga er nú kynnt fyrir umsagnaraðilum og er óskað eftir því að umsögnum sé skilað á netfangið [sudurhalendi@sass.is](mailto:sudurhalendi@sass.is) fyrir 12. febrúar 2023.**

Svæðisskipulagsnefnd Suðurhálendis



Húsnaðis- og  
mannvirkjastofnun




Samband íslenskra  
sveitarfélaga

## Borgað þegar hent er hraðall

Minnisblað um verkefni Sambandsins í samstarfi við Húsnaðis- og mannvirkjastofnun, Ísafjarðarbæ og Grímsnes- og Grafningshrepp sem hófst í október 2022.


*Ritað af Þorgerði Mariú Þorbjarnardóttur sérfræðing í umhverfismálum hjá  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga*

*Janúar 2023*



## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Samtaka um hringrásarhagkerfið .....	3
Val á sveitarfélögum .....	4
Uppsetning aðgerðaáætlunar .....	4
Framfylgd aðgerðaáætlunar .....	7
Samkomulag og undirbúningur.....	7
Staðfangaskrá send sveitarfélagi ásamt leiðbeiningum .....	7
Ílátatalning eftir stærð og tegund niður á staðföng.....	7
Ílátatalning færð inn í álagningarkerfi .....	7
Kortlagning vandræðastaðfanga .....	8
Útfærsla á verklagi vegna vandræðastaðfanga og tillögur að breytingum .....	8
Útbúa tillögu að sniðmáti fyrir gjaldskráliði.....	8
Flokkun útgjalda í breytilegt og fast gjald og áætlun fastra útgjaldaliða niður á staðföng .....	9
Samþykkt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs .....	9
Gjaldskráliðir færðir inn í álagningakerfi .....	10
Útbúa verkferla fyrir þjónustu við breytingar á ílátum.....	10
Auglýsa gjaldskrá í Stjórnartíðindum og á vef.....	10
Gera kostnaðarupplýsingar aðgengilegar á vef.....	10
Útbúa upplýsingaefni fyrir íbúa um breytingar á innheimtu.....	10
Kynningaráatak á breytingum á innheimtu.....	10
Verkstýring og reglulegir fundir til að mæta þeim áskorunum sem upp koma .....	11
Frekari lærdómur .....	11
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.....	11
Þjónustubáttur .....	11
Tvær útfærslur innleiðingar á rýmisleiðinni .....	11
Kostnaðaráætlun .....	12
Raunverulegur samdráttur í úrgangsmýndun? .....	12
Frelsi til að breyta gjaldskrá á miðju ári .....	13
Viðauki I Minnisblað – Gjaldskrá BPHÉ .....	i
Viðauki II Minnisblað – breyting gjaldskráa vegna BPHÉ.....	x



## Inngangur

Samband íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) stóðu saman að því að setja á laggirnar *Borgað þegar hent er hraðal* sem gekk út á að leiða tvö sveitarfélög með mismunandi aðstæður í úrgangsmálum í gegnum innleiðingu á BPHE fyrir hirðingu við heimili. Ísafjarðarbær og Grímsnes- og Grafningshreppur urðu fyrir valinu, verkefnið hófst í lok október og lýkur um miðjan janúar og hefur gengið afar vel. Markmiðið með hraðlinum var að straumlínulaga innleiðingarferli svokallaðrar Borgað þegar hent er kerfa við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs og auðvelda þannig öðrum sveitarfélögum innleiðingu slíkrar gjaldheimtu. Verkefnið tengist umfangsmiklum breytingum á ýmsum lögum er varða meðhöndlun úrgangs.


Árið 2018 samþykkti Evrópusambandið tilskipun þar sem settar voru fram nýjar og endurskoðaðar reglur um úrgangsstjórnun. Þann 1. janúar 2023 koma til framkvæmda ákvæði í lögum nr. 103/2021 um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald sem eru breytingar í kjölfar tilskipunarinnar.

Ein af þeim leiðum sem Evrópusambandið kynnir til leiks er *Borgað þegar hent er* (e. BPHE) þar sem hverjum og einum ber að borga eftir magni af úrgangi sem viðkomandi lætur frá sér. Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á lögum um meðhöndlun úrgangs var breyting á 23. gr. laganna þar sem nú er kveðið á um að innheimta vegna meðhöndlun úrgangs skuli vera sem næst raunkostnaði og að fast gjald megi einungis vera 50% af innheimtunni fram til ársins 2025 og 25% eftir það. Fast gjald er skilgreint sem það gjald sem notandinn getur ekki haft áhrif á með því að minnka sinn úrgang eða flokka til endurnotkunar eða endurvinnslu.

## Samtaka um hringrásarhagkerfið

Samband íslenskra sveitarfélaga réðst í átakið „Samtaka um hringrásarhagkerfi“ sem var þrískipt verkefni. Einn hlutinn bar heitið „Borgað þegar hent er kerfi heim í hérað“ og byggðist á niðurstöðum greiningar sem ráðgjafastofan Efla vann fyrir sambandið og gefin var út í janúar 2022 um útfærslur BPHE og unnin var með styrk frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Helstu niðurstöður greiningar Eflu voru eftirfarandi:

- Hentugast er að nota Álagningarkerfi HMS áfram við innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs (sorpirðugjöld).
- Einfaldast og hagstæðast er að innheimta eftir rúmmáli við heimili, þannig að notendur geti breytt fjölda og/eða stærð íláta og haft þannig áhrif á kostnaði.
- Eftir innleiðingu rúmmálsaðferðarinnar er hægt að ráðast í frekari innviðauppbyggingu til þess að byrja að innheimta eftir þyngd.
- Til að innleiða BPHE á grenndar og söfnunarstöðvum þarf einhvers konar aðgangsstýringu þar sem annað hvort er tæknilausn þar sem notandi skráir sig inn eða að stöðin sé mönnuð og starfsmaður sér um að innheimta fyrir magn hvort sem það er mælt í rúmmáli eða þyngd.



Sambandið boðaði til sex opinna fræðslufunda um hringrásarhagkerfið á árinu 2022 undir merkjum átaksins *Samtaka um hringrásarhagkerfi*, þar af voru tveir sérstaklega um BPH. KPMG vann fyrir sambandið könnun um núverandi stöðu sveitarfélaga í úrgangsmálum í tengslum við innleiðingu laganna auk þess að koma að undirbúningsvinnu fyrir frekari innleiðingu BPH. Reykjavíkurborg hefur innleitt rýmisleið BPH og innheimt í gegnum Álagningarkerfi HMS og nýttist þeirra reynsla vel. Borgin þróaði svokallaðan ílátaferil í tengslum við þá innleiðingu sem stendur öðrum sveitarfélögum nú til boða.

Líklegt er að einhver sveitarfög muni ná markmiðum um 50% breytilegt gjald einungis með því að innleiða BPH fyrir hirðingu við heimili. Mikilvægt er þó að horfa til innleiðingar BPH fyrir annan kostnað sveitarfélaganna fyrir meðhöndlun úrgangs þ.m.t. rekstur grenndarstöðva, söfnunarstöðva og móttökustöðva fyrir ársþyrjun 2025 til að ná 25% markmiðinu. Hluti kostnaðar verður seint innheimtur sem breytilegt gjald og má þar nefna kostnað við fræðslu, rekstur ruslastampa, hreinsun á víðavangi, stjórnunarkostnaður og annar sambærilegur fastur kostnaður.

## Val á sveitarfélögum

Mikill áhugi var meðal sveitarfélaga fyrir verkefninu og mörg sveitarfög höfðu samband og sýndu verkefninu áhuga. Vegna takmarkaðra fjármuna var einungis unnt að veita tveimur sveitarfélögum þáttöku og var bæði horft til þeirra sem fyrst báðu um þáttöku og einnig til þess að þau hefðu mismunandi aðstæður m.a. hvað varðar íbúasamsetningu. Ísafjarðarbær og Grímsnes- og Grafningshreppur urðu fyrir valinu. Ísafjarðarbær hefur flóknari samsetningu húsnæðis en Grímsnes- og Grafningshreppur en sá síðari hefur mun stærri frístundabyggð en íbúðabyggð. Ljóst er að áskoranir sveitarfélaganna tveggja geta orðið mismunandi þó meginverkefnin verði þau sömu.

## Uppsetning aðgerðaáætlunar

Unnið var út frá niðurstöðum greiningar Eflu og undirbúningsvinnu KPMG og útbúin rúmlega 10 vikna áætlun þar sem kynningarmálin teygja sig inn í nýja árið. Áætlunina má sjá á mynd 1. Vinnan var unnin af sambandinu. Grímsnes- og Grafningshreppur lagði upp með að fylgja áætluninni eins og hún var sett fram en Ísafjarðarbær setti sér önnur tímamarkmið sem sjá má á mynd 2.



## BÞHE hraðall - Tillaga að innleiðingaráætlun


Hvar eru við núna 1

Aætlaður tími

Þáttur	Aðil	Upphaf	Tíml	Rænupphaf	Rauntíml	Staða	Víkur
		1	2	3	4	5	
<b>Undirbúninngur</b>							
1 Samkomulag og undirbúninngur	Allir	1	1	0	0	0%	
Kortlagning fláta niður á staðföng							
2 Staðfangaskrá send sveitarfélagi ásamt leiðbelningum	HMS/Advania	2	1	0	0	0%	
3 Ílátatalning eftir stærð og tegund niður á staðföng	Sveitarfélag	4	3	0	0	0%	
4 Ílátatalning færð inn í álagningarkerfi	HMS/Advania	9	1	0	0	0%	
5 Kortlagning vandræðastaðfanga	Sveitarfélag/Advania	9	1	0	0	0%	
6 Útfæra verklag vegna vandræðastaðfanga og gera tillögur að breytingum	Advania/sambandið	9	2	0	0	0%	
Útfæra BÞHE gjaldskrá							
7 Útbúa tillögu að snlómáti fyrir gjaldskrárlíði	Advania/sambandið	2	2	0	0	0%	
8 Flokun útgjaldalíða í breytilegt og fast gjáld	Sveitarfélag	3	4	0	0	0%	
9 Áætlun breytilegra útgjaldalíða niður á llát	Sveitarfélag	4	2	0	0	0%	
10 Áætlun fastra útgjaldalíða niður á staðföng	Sveitarfélag	4	1	0	0	0%	
11 Samþykkt gjaldskrá fyrir meðhöndlun Úrgangs	Sveitarfélag	6	1	0	0	0%	
11 Færa gjaldskráliði inn í sniðmát	Sveitarfélag	7	1	0	0	0%	
12 Gjaldskrárlíðir færðir inn í álagningarkerfi	HMS/Advania	8	1	0	0	0%	
13 Útbúa verkferla fyrir þjónustu við breytingar á flátum	Sveitarfélag/Advania/sambandið	4	2	0	0	0%	
14 Auglýsa gjaldskrá í stjórnartíðindum og á vef	Sveitarfélag	7	1	0	0	0%	
14 Gera kostnaðarupplýsingar aðgengilegar á vef	Sveitarfélag	11	1	0	0	0%	
<b>Kynning og stuðningur</b>							
15 Útbúa upplýsingaeftni fyrir lbúa um breytingar á innhelmtu	Sveitarfélag/sambandið	4	2	0	0	0%	
16 Kynningarátkak á breytingum á innhelmtu	Sveitarfélag	6	10	0	0	0%	
17 Verkstýring og reglugerir fundir til að mæta áskorunum sem upp koma	Sambandið/sveitarfélag	1	12	0	0	0%	

28. okt 4. nóv 11. nóv 18. nóv 25. nóv

Mynd 1. Tillaga að innleiðingaráætlun



## BþHE hraðall - Tillaga að innleiðingaráætlun

Dáttur	Aðili	Upphaf	Tími	Raunupphaf	Rauntími	Staða	Hvar erum við n.		Vikur	Áætlaður tir
							1	2	3	4
<b>Undirbúningur</b>										
1 Samkomulag og undirbúningar	Allir		1	1	0	0	0%			
<b>Kortlagning ílátta niður á staðföng</b>										
2 Staðfangaskrá send sveitarfélagi ásamt leiðbeiningum	HMS/Advania	2	1	0	0	0	0%			
3 Ílátatalning eftir stærð og tegund niður á staðföng	Sveitarfélag	2	3	0	0	0	0%			
4 Ílátatalning færð inn í álagningarkerfi	HMS/Advania	9	1	0	0	0	0%			
5 Kortlagning vandræðastaðfanga	Sveitarfélag/HMS/sambandið	3	3	0	0	0	0%			
6 Útfæra verklag vegna vandræðastaðfanga og gera tillögur að breytingum	Allir	3	3	0	0	0	0%			
<b>Útfæra BþHE gjaldskrá</b>										
7 Útbúa tillögu að sniðmáti fyrir gjaldskrárlíði	Advania/sambandið	2	2	0	0	0	0%			
8 Flokkun útgjaldalíða í breytilegt og fast gjald	Sveitarfélag	3	4	0	0	0	0%			
9 Áætlun breytilegra útgjaldalíða niður á líát	Sveitarfélag	3	3	0	0	0	0%			
10 Áætlun fastra útgjaldalíða niður á staðföng	Sveitarfélag	3	3	0	0	0	0%			
11 Samþykkt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs	Sveitarfélag	5	1	0	0	0	0%			
11 Færa gjaldskrárlíði inn í sniðmátt	Sveitarfélag	6	1	0	0	0	0%			
12 Gjaldskrárlíðir færðir inn í álagningarkerfi	HMS/Advania	8	1	0	0	0	0%			
13 Útbúa verkferla fyrir þjónustu við breytingar á líatum	Sveitarfélag/Advania/sambandið	6	2	0	0	0	0%			
14 Auglýsa gjaldskrá í stjórnartíðindum og á vef	Sveitarfélag	8	1	0	0	0	0%			
14 Gera kostnaðarupplýsingar aðgengilegar á vef	Sveitarfélag	8	1	0	0	0	0%			
<b>Kynning og stuðningur</b>										
15 Útbúa upplýsingaefni fyrir ibúa um breytingar á innheimtu	Sveitarfélag	4	4	0	0	0	0%			
16 Kynningarátask að breytingum á innheimtu	Sveitarfélag	4	10	0	0	0	0%			
17 Verkstýring og reglugerir fundir til að mæta áskorunum sem upp koma	Sambandið/sveitarfélag	1	11	0	0	0	0%			

28. okt 4. nóv 11. nóv 18. nóv 25. t

Mynd 2 Innleiðingaráætlun Ísafjarðarbæjar



## Framfylgd aðgerðaáætlunar

### Samkomulag og undirbúningur

Vel gekk að koma verkefninu á fót eins og fram hefur komið í innganginum. Skrifað var undir viljayfirlýsingar um samstarfið sem finna má í viðauka 1. Ekki gekk eins og áætlað var að fylla út hvernig áætlunin gekk jafnóðum og verður farið yfir það betur með tilheyrandi aðilum.

### Staðfangaskrá send sveitarfélagi ásamt leiðbeiningum

Advania, þjónustuaðili álagningarkerfis HMS, sá um að senda þáttökusveitarfélögunum skrá yfir staðföng í sveitarfélagini ásamt leiðbeiningum um það hvernig skrá skyldi ílátin í ílátatalningunni.

*Staðfang inniheldur upplýsingar um staðsetningu mannvirkja og annarra áfangastaða, s.s. heimila, aðseturs fyrirtækja, frístundahúsa, áningarástaða, veitumannvirkja og opinna svæða. Staðfang er þýðing á enska hugtakinu Address og nær hugtakið yfir götuheiti og húsnúmer, sérheiti byggingar og landfræðilega staðsetningu, hvort sem um er að ræða heimili einstaklinga, aðsetur fyrirtækja eða staðsetning á t.d. fjarskiptamastri. Þannig hefur staðfang víðari merkingu en heimilisfang, þó eðli hugtakanna sé svipað. (þjóðskrá Íslands, 2019)*

### Ílátatalning eftir stærð og tegund niður á staðföng

Sveitarfélögin fóru sitt í hvoru lagi í að telja ílátin í sínu sveitarfélagi og skrá þau niður á staðföng. Lögð var áhersla á að talningin yrði framkvæmd af starfsfólki viðkomandi sveitarfélags til að lágmarka skekkju sem kann að eiga sér stað þegar þriðji aðili sér um talninguna. Mikilvægt var talið að lágmarka villur í skráningunni eins og kostur var þar sem þörf á leiðréttингum, með tilheyrandi vinnuálagi fyrir starfsfólk sveitarfélagsins, var talið geta grafið undan verkefninu.

Ísafjarðarbær vann minnisblað um verkefnið í tengslum við vinnu við nýja gjaldskrá og þar kom fram:

*Mikil áhersla var lögð á það í verkefninu að utanaðkomandi aðilar væru ekki fengnir í ílátatalninguna og hefur það reynst okkur vel þar sem öll greiningavinna hefur gengið mun betur ásamt skilningur á vandræðastaðsetningum og þeim vandamálum sem sorphirðustarfsmenn standa frammi fyrir. (Edda María Hagalín, 2022)*

### Ílátatalning færð inn í álagningarkerfi

Advania hefur séð um að færa upplýsingar inn í álagningarkerfið sem sveitarfélögin tóku saman um fjölda og tegund ílátu á hverju staðfangi fyrir Ísafjarðarbæ og Reykjavíkurborg og myndu einnig gera svo fyrir hin sveitarfélögin.



## Kortlagning vandræðastaðfanga

Við ílátakortlagninguna var einnig kortlögð svokölluð vandræðastaðföng. Þau vandræðastaðföng sem um ræðir eru einna helst staðföng þar sem fleiri en eitt staðfang notast við sömu ílát, t.d. fjölbýli sem skráð er á tvö staðföng sem deilir einni sorpgeymslu. Í Grímsnes- og Grafningshreppi voru engin slík vandræðastaðföng. Hins vegar voru einhver staðföng sem voru skráð að hluta til sem atvinnuhúsnaði eða voru íbúðir en eru nú skráð sem gistiheimili en eru þjónustuð af sveitarféluginu þegar kemur að meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögin glímdu því við mismunandi áskoranir þegar kemur að vandræðastaðföngum. Önnur gerð vandræðastaðfanga geta verið eignir sem hafa ekkert skráð flatarmál en ílátaferillinn notar flatarmál til þess að skipta niður ílátum.

## Útfærsla á verklagi vegna vandræðastaðfanga og tillögur að breytingum

Þátttökusveitarfélögin áttu í beinum samskiptum við Advania um það hvernig leyst er úr vandræðastaðföngunum. Þegar tvö eða fleiri staðföng skiptu með sér einum miðlægum stað fyrir ílát, eins og að ofan er rakið, var kostnaði á milli staðfanga skipt eftir hlutfalli hvers staðfangs fyrir sig miðað við fermetrafjölda. Notast var við excel skjal við slíka útreikninga og skoða má hvort slíkt er hægt að gera innbyggjt í kerfið í framtíðinni.


Einnig kom í ljós að í Ísafjarðarbæ er áhugi hjá eigendum sumra fjöl- eða parhúsa að deila einum miðlægum stað fyrir ílát undir úrgang. Ísafjörður hefur tekið þá ákvörðun að leyfa það.

Í verkefninu kom í ljós að í dreifbýli þarf að skrá ílát handvirkt inn í kerfið á hverjum stað. Það er fyrst og fremst í höndum starfsmanna sveitarfélagsins að fara í þá vinnu. HMS gæti brugðist við ef um stórar breytingar er að ræða eða ef sveitarfélag lendir í vandræðum. Ílátaferillinn sem borgin þróaði virkar þannig að öll ílátin eru skráð í ílátaferilinn og þar sem þau skiptast á mörg staðföng er hlutfall ílátagjalfa reiknað á hvert staðfang og einnig skráð í ferilinn. Ef lítið eða ekki er um fjölbýli í sveitarfélagi má vel sleppa því að nota ílátaferilinn og nýta Álagningarkerfi HMS eins og sveitarfélögin hafa gert hingað til. Þannig er gjaldinu sem áður var sorphirðugjald, skipt upp í 4 gjöld, eitt fyrir hvert ílát. Ganga þarf vel úr skugga um að öll frávik frá þeiri reglu að 4 ílát séu við 1 staðfang séu leiðrétt handvirkt svo íbúi sé alltaf að borga nákvæmlega fyrir þau ílát sem viðkomandi notar.

HMS hefur gefið út leiðbeiningabók um Álagningarkerfið fyrir sveitarfélögin. Þar er að finna leiðbeiningar um upphafsálagningu, breytingarálagningar, mánaðarálagningar endurreikning afsláttar og áætlunarálagningu ásamt viðaukum um hinum ýmsu aðgerðir sem sveitarfélög geta þurft að framkvæma.

## Útbúa tillögu að sniðmáti fyrir gjaldskráliði

Sambandið og Advania skoðuðu fyrri gjaldskrár þátttökusveitarfélaganna og lögðu til nýja gjaldskráliði fyrir bæði sveitarfélögin miðað við gildistöku nýju laganna, bæði með tilliti til BPHE kerfa og frekari sérstakrar söfnunar sem ný löggjöf gerir ráð fyrir.



## Flokkun útgjalda í breytilegt og fast gjald og áætlun fastra útgjaldaliða niður á staðföng

Meginmarkmið hraðalsins var að innleiða BÞHE við heimili. Vinna þarf sérstaklega með innleiðingu BÞHE fyrir annan kostnað fyrir meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna reksturs grenndar-, söfnunar- og móttökustöðva. Ísafjarðarbær skoðaði heildarkostnað sveitarfélagsins í málaflokknum og sá að fastur kostnaður hafði verið 67% af innheimtu. Skiptu þau þá heildarkostnaði til helminga til þess að ákvarða hve stór hluti gjaldanna verður innheimtur sem breytilegt gjald í gegnum sérsöfnun við heimili og skipti hinum helmingi gjaldanna niður á ílát í nýrri gjaldskrá. Einnig töku þau upp viðbótargjöld sem eru:

**Breytingargjald:** Nýtt kerfi mun valda miklum auka kostnaði við skráningar og er því lagt til að breytingargjald verði lagt á allar beiðnir um breytingar sem verða eftir að fyrsta breyting á sér stað vegna átaks/útskiptingu á tunnum. Miðað væri þá t.d. við að því átaki væri lokið fyrir 1.10.2023 og allar óskir um breytingar eftir það yrði greitt fyrir sérstaklega.

**Skrefagjald:** Ef sorphirðufólk þarf að sækja ílát lengra en x metra frá sorpbíl bætist viðbótargjald við. Hægt er að komist hjá því að greiða það með því að færa tunnurnar varanlega eða á losunardegi innan x metra. Hjá Reykjavíkurborg hefur þetta viðmið verið 15 m.


**Endurnýjunargjald:** Sorpílatín eru eign Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær sér um endurnýjun og viðhald á skemmdum ílátum. Ef tjón á íláti er hægt að rekja til slæmrar umgengni kann íbúi að þurfa að greiða fyrir kostnað við endurnýjun þess og gjald fyrir að koma því á staðin. Íbúar bera ábyrgð á að hreinsa ílátin.

**Aukalosunargjald:** Ef ílát hefur ekki verið losað vegna hindrana, rangrar flokkunar eða af öðrum ástæðum getur íbúi óskað eftir aukaferð til losunar þegar vandamálið hefur verið leyst. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá. (Edda María Hagalín, 2022).

Grímsnes- og Grafningshreppur nær að innheimta 50% af heildarkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs frá heimilum sem breytilegt gjald. Meirihluti staðfanga í sveitarfélagini er í frístundabyggð svo það er ekki fyrr en rekstur grenndarstöðva verður með hætti sem hentar breytilegri innheimtu sem prósentumarkmiðinu fyrir heildarkostnað sveitarfélagsins fyrir meðhöndlun úrgangs verður náð. Sveitarfélagið vinnur að þeirri lausn fyrir árið 2025 en gjöld fyrir meðhöndlun úrgangs í frístundabyggð sem áður var innheimtur sem „sorpeyðingargjald“ var brotið upp í annars vegar gjald vegna reksturs gámastöðvar og annar fastur kostnaður og hins vegar gjald vegna reksturs grenndarstöðva.

## Samþykkt gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs

Gjaldskrá var samþykkt í báðum sveitarfélögum í byrjun desember. Edda María Hagalín, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar skrifaði ítarlegt minnisblað til rökstuðnings nýju gjaldskránni sem finna má í viðhengi.



## Gjaldskrárliðir færðir inn í álagningakerfi

Sveitarfélög vinna sínar gjaldskrár fyrir meðhöndlun úrgangs. Gjaldskrárnar byggja á áætluðum kostnaði næsta árs sem m.a. miðar við raunkostnað fyrri ára. Auglýsa þarf gjaldskrána í Stjórnartíðindum.

## Útbúa verkferla fyrir þjónustu við breytingar á ílátum

Ein grunnforsenda BÞHE kerfa er að notendur njóti góðs af því að minnka magn úrgangs eða flokka meira til endurnotkunar eða endurvinnslu. Í svokallaðri rýmisleið BÞHE við heimili þurfa íbúar að hafa svigrúm til að stækka eða minnka/fjölga eða fækka ílátum eftir því sem sveitarfélagið ákveður. Reykjavíkurborg hefur innleitt slíkt kerfi og ferlið er þannig að íbúi sendir tölvupóst, beiðnin er skjöluð og send til ílátalagers sem framkvæmir ílátabreytinguna hjá íbúanum. Þegar því er lokið fer staðfesting til þess sem skráir breytinguna í álagningarkerfi HMS. Þar sem lagt er á einu sinni á ári þá þarf að fara fram bakfærsla frá þeirri viku sem ílátabreytingin átti sér stað og leiðréttig er send íbúanum.

Hjá Grímsnes- og Grafningshreppi er verið að þróa vefsíðu þar sem íbúinn fyllir út beiðnina. Vefsíðan mun svo senda beiðnina á starfsfólk sveitarfélagsins í tölvupósti sem hefur samband við áhaldahús sveitarfélagsins sem framkvæmir breytinguna á ílátunum og tilkynnir þeim sem sér um álagninguna sem breytir henni, svipað og hjá Reykjavíkurborg.

Ísafjarðarbær mun koma til með að þurfa að þróa svipaða verkferla en ætla ekki að bjóða upp á breytingar fyrr en frekari innkaup á ílátum hafa farið fram.

## Auglýsa gjaldskrá í Stjórnartíðindum og á vef

Sveitarfélögin sáu sjálf um að auglýsa gjaldskrá í Stjórnartíðindum.

## Gera kostnaðarupplýsingar aðgengilegar á vef


Sveitarfélögin sjá sjálf um að gera kostnaðarupplýsingar sínar aðgengilegar á vef sínum.

## Útbúa upplýsingaefni fyrir íbúa um breytingar á innheimtu

Sambandið og sveitarfélögin unnu saman að gerð upplýsingarefnis fyrir íbúa sveitarfélagana tveggja. Einnig hefur sambandið hafið samstarf við Umhverfisstofnun, Úrvinnslusjóð, SORPU bs., Terra, Íslenska Gámafelagið, Kubb, Endurvinnsluna og fleiri um sameiginlegt kynningarátak á landsvísu um hrингrásarhagkerfið sem heldur áfram á árinu 2023.

## Kynningarátak á breytingum á innheimtu

Sveitarfélögin munu sjálf sjá um kynningarátak á sínum svæðum. Í skoðun hefur verið að halda íbúafundi í báðum sveitarfélögum til að kynna þær breytingar sem eru framundan í úrgangsmálum m.a. vegna innleiðingar BÞHE.



## Verkstýring og reglulegir fundir til að mæta þeim áskorunum sem upp koma

Fundað var einu sinni í viku frá 27. október og út árið að 22. desember undanskildum. Eftir áramót verður svo fylgst með hvernig gengur og stefnt er að því að verkefninu ljúki að fullu í lok janúar 2023.

## Frekari lærdómur

### Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Sveitarfélög þurfa einnig að endurskoða samþykkt sína um meðhöndlun úrgangs en samþykktin þarf að ríma við gjaldskrána og nýja álagningarkerfið. Best væri að láta nýja gjaldskrá og samþykkt fylgjast að í birtingarferli í stjórnartíðindum. Í safjarðarbær stefndi að þessu en það náðist ekki þar sem tölverð töf hefur verið á yfirlestri frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu en þar er flöskuháls sem þarf að leysa ef ekki á að lenda í því að byrja að innheimta eftir nýrri gjaldskrá á meðan samþykkt er í gildi sem ekki rímar við nýtt fyrirkomulag.

### Þjónustupáttur


Samkvæmt fenginni reynslu í BPHE hraðlinum felst þjónustupáttur HMS og Advania fyrst og fremst í því að senda sniðmát á sveitarfélögin fyrir talningu, færa inn ílát á staðföng eftir talningu og aðstoða sveitarfélagið við að færa inn það sem færa þarf inn handvirkta. Að innleiðingu lokinni má gera ráð fyrir að aðkoma HMS að viðhaldi sé lítil sem engin en starfsfólk sveitarfélaga hefur aðgang að álagningarkerfinu og getur breytt ílátum á staðföng. Mögulega þarf HMS að aðstoða starfsfólk við vinnuna lendi þau í vandræðum.

Unnið verður hugbúnaðarlausn fyrir sveitarfélög sem vilja nýta álagningarkerfi þjóðskrár við að innheimta í takt við BPHE og nota rýmisleiðina. Með lausninni verður íbúa gert kleift að skrá sig inn á island.is með rafrænum skilríkjum, skoða hvaða ílát undir úrgang hann er að greiða af við sitt heimili og breyta þjónustunni annaðhvort til hækunnar eða lækkunar á hans kostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs (sorphirðugjöld). Í fjölbýlishúsum þarf að fylgja staðfesting, s.s. fundargerð húsfélags. Slíkar breytingar skila sér beint (eða með stuttri viðkomu hjá viðkomandi sveitarfélagi) inn í álagningarkerfið annars vegar og til sveitarfélagsins eða annarra sem sjá um að breyta/skipta út ílátum við heimili hins vegar. Verkefnið er unnið í samvinnu við HMS og Stafrænt Ísland með hliðsjón af hugbúnaðarlausn fyrir umsókn um fjárhagslega aðstoð.

### Tvær útfærslur innleiðingar á rýmisleiðinni

Fyrir innleiðingu rýmisleiðar á *Borgað þegar hent er innheimtu* eru í dag tvær færar leiðir fyrir sveitarfélögin en það fer eftir samsetningu húsnæða í sveitarféluginu.

Annars vegar þarf að nota ílátaferil sem hannaður er til þess að skipta gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs milli fasteigna á sama staðfangi. Í sveitarfélögum þar sem engin fjölbýli eru til staðar er hægt að sleppa þessum lið og skipta ílátajöldunum niður á húsnæði líkt og gert er með núverandi gjöld.



## Samband íslenskra sveitarfélaga

Báðar leiðir krefjast þess að sveitarfélögin telji ílát hjá sér og skrái á staðföng sem HMS les síðan inn í kerfið. Í lauslegu yfirliti Advania, þjónustuaðila HMS, eru um 19 sveitarfélög sem farið geta leiðina sem ekki krefst innleiðingar á ílátaferlinum. Hin 42 munu innleiða ílátaferilinn.

Að auki munu sveitarfélögin þurfa að byggja upp þekkingu og leiðbeiningar til sinna starfsmanna um hvernig uppfæra skal ílátaskráningu séu gerðar einhverjar breytingar. Það er ekkert því til fyrirstöðu að sveitarfélag taki upp íláttagjald eftir núverandi ílátum og undirbúi sig undir ný ílát með því að hafa þau í gjaldskránni. Þá getur starfsmaður sveitarfélagsins lagt íláttagjald fyrir ný ílát og tekið gömul út á staðföngin í sveitarfélaginu.

Sveitarfélögin þurfa einnig að ganga frá nýrri gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs þar sem gjöldum er skipt niður í fasta og breytilega gjaldskrárliði. Sá breytilegi verður í flestum tilvikum einungis í sérsöfnun og passar það ágætlega við 50/50 skiptingu breytilegs og fasts gjalds í lögum í þeim sveitarfélögum þar sem íbúabyggð er í meirihluta. Hjá sveitarfélögum þar sem frístundabyggðir eru í meirihluta mun þurfa frekari vinnu við að koma grenndarstöðvum á form þar sem hægt er að innheimta breytilegt gjald sem ekki verður útfært í þessu verkefni.


## Kostnaðaráætlun

Áætlaður kostnaður eru 400-600 þúsund krónur á sveitarfélag og skiptist í eftirfarandi tímovinnu hjá Advania, þjónustuaðila HMS:

Leið 1, með ílátaferli		Leið 2, án ílátaferils	
Verkliðir, innleiðing BPHÉ	Tímar	Verkliðir, innleiðing BPHÉ	Tímar
Staðfangaskrá íláta	3	Staðfangaskrá íláta	3
Gjaldskrá, ný	2	Gjaldskrá, ný	2
Innlestur íláta og aðlögun	8	Innlestur íláta og aðlögun	0
Möppun gjalda, og aðlögun	0	Möppun gjalda, og aðlögun	4
Kennsla	2	Kennsla	2
Eftirfylgni og þjónusta	4	Eftirfylgni og þjónusta	4
Fundir og samskipti	1,9	Fundir og samskipti	1,5
Samtals	20,9	Samtals	16,5

## Raunverulegur samdráttur í úrgangsmýndun?

Ef farið er úr tveimur 240 ílátum í fjórar 240 í tunnum er töluverð rúmmálsaukning fyrir úrgang sem getur seint talist til úrgangsforvarna og er ekki í anda hringrásarhagkerfis. Þó íbúi minnki öll sín ílát niður í 120 í þá er hann í raun með sama rúmmál og áður og getur ekki farið neðar. Sveitarfélagið getur brugðist við þessu með því að breyta hirðutíðni í öllu sveitarfélaginu. Hugsa



má úrgang í vikulítrum, ef rúmmálið eykst við húsvegg er hægt að fjölgja vikunum sem það á að duga til að taka við úrgangi viðkomandi og lækka má þannig vikulítra af úrgangi per íbúa.

## Frelsi til að breyta gjaldskrá á miðju ári

Álagningarkefi HMS gerir ráð fyrir að einungis séu fasteignagjöld lögð á einusinni á ári. Það má rekja til þess að lög umtekjustofna sveitarfélaga kveða á um að fasteignaskattar séu lagðir á einu sinni á ári.

Lang algengast er að sveitarfélög leggi gjald vegna meðhöndlunar úrgangs árlega á, samhliða álagningu fasteignaskatts skv. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarfélögum ber ekki skylda til þess að leggja gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs á með þeim hætti skv. lögum 55/2003. Mikið hagræði er þó í því að leggja þau gjöld á samhliða öðrum sem tengjast beinlínis viðkomandi fasteign. Setja þyrfti upp verklag þessu tengt sem hentar Álagningarkerfi HMS eða með breytingum/endurbótum á álagningarkerfinu. Þá er annar möguleiki að þessi gjöld yrðu lögð á með öðrum hætti svipað og á við um önnur þjónustugjöld sveitarfélaga sem innheimt eru mánaðarlega (t.d. eins og á við um leikskólagjöld).

**Viðauki I Minnisblað – Gjaldskrá BÞHE, Edda María Hagalín**

**Viðauki II Minnisblað – breyting gjaldskráa vegna BÞHE, Flosi Hrafn Sigurðsson**

# Viðauki I Minnisblað – Gjaldskrá BÞHE



ÍSAFJARDARBÆR

Til: Bæjarstjórn  
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri  
Dags. 28. nóvember 2022  
Mnr. 2022060100

## Minnisblað - Gjaldskrá BÞHE

### Inngangur

Þann 1. janúar 2023 koma til framkvæmda stór hluti ákvæða í lögum nr. 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi). Lögin hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélög í landinu þar sem það er þeirra skylda að heimilisúrgangi sé safnað og þurfa þau að innheimta íbúa fyrir þessa þjónustu, skv. lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í lögunum kemur m.a. fram að innheimta skal sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs og að fast gjald skuli vera takmarkað nýtt. Þessar breytingar þýða að flest sveitarfélög þurfa að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtukerfi svo hægt að sé að innheimta á réttan hátt. Þetta eru stórar breytingar þar sem flest innheimtukerfi þurfa að taka skref úr því að vera hefðbundið kerfi sem nýtir fast gjald, í það að vera innheimtukerfi sem er í eðli sínu sniðið betur því magni og tegund úrgangs sem hver og einn íbúi sveitarfélagsinslætur frá sér.

Tvö sveitarfélög, Grímsnes- og Grafningshreppur og Ísafjarðarbær, taka þátt í sérstöku tilraunaverkefni „Borgað þegar hent er hraðli“, sem er á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og HMS.

„Borgað þegar hent er hraðallinn“ hefur það að markmiði að aðstoða sveitarfélög að innleiða nýjar lagakröfur um breytingar á innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs, svokallaðra sorphirðugjalda. Reynslan sem hlýst af verkefninu mun hafa þýðingu fyrir öll sveitarfélög en eftir áramót ber þeim að tryggja að greitt sé í samræmi við magn og tegund úrgangs sem til fellur ljá viðkomandi úrgangshafa, bæði ljá íbúum og sveitarfélögum. Slíkt fyrirkomulag við innheimtu kallast „Borgað þegar hent er kerfi“. Innleiðing slíkra kerfa eru í raun útfærsla á mengunarþótareglunni, sá borgar sem mengar, og er mikilvægur liður í innleiðingu hringrásarhagkerfis hér á landi. Fast gjald, sem flest sveitarfélög innheimta í dag, skal takmarkast við hámark 50% af heildarkostnaði til ársins 2025 og 25% eftir það.

Fyrir liggur skýrsla sem ráðgjafafyrirtækið Efla vann fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga sem sýnir að innheimta eftir stærð og fjölda ílát, svokölluð rúmmálsleið, er einfaldasta leiðin til að innleiða BÞHE kerfi við innheimtu. Rúmmálsleiðin mun uppfylla kröfur lagabreytinganna og krefst þess að sveitarfélög kortleggi fjöldaog stærð ílát og útfæri gjaldskrá í takt við BÞHE kerfi. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur umsjón með tilraunaverkefnumi og markmiðið er að klára að innleiða það með þátttökusveitarfélögnum fyrir áramót svo aðbúið verði að fá reynslu á þetta nýja innheimtufyrirkomulag og kortleggja hvað felst í því að innleiða það.

Uptaka kerfis við innheimtu eftir ílátagerð og -stærð er einfaldasta aðferð til að innleiða BÞHE kerfi fyrir heimilisúrgang sem mun uppfylla kröfur lagabreytinganna fyrir úrgang sem safnað er frá heimilum. Gjaldliðum í álagningakerfinu er í grunnin hægt að skipta upp í gjaldliði fyrir heimili (hirðu og önnur tengd gjöld (t.d. skrefagjald)), ílát og aukaílát og frístundahús. Við upptöku ílátakerfis færast inn allir gjaldliðir sem tilheyra hirðu og annarri meðhöndlun úrgangs frá heimilum og sveitarfélög innheimta íbúann skv. þeim. Í frístundabyggð er einnig hægt að innleiða ílátakerfið en þar eru sameiginlegir gámar byggðarinnar skráðir sem ílát í álagningarkerfinu. Til þess að stuðla að enn nákvæmari kostnaði á eigendur og leigjendur frístundahúsa væri hægt að ganga enn lengra í auðkenningu og mælingu á úrgangsmagni. Sú innheimta myndi fara fram eftir á.

Með þessu kerfi er búið að fá meirihluta kostnaðarliða inn í kerfi sem er í eðli sínu breytilegt ef boðið er upp á sveigjanleika í ílátastærð og ílátarfjöldu

## Ílátatalning

Ísafjarðarbær hefur valið að fara svokallaða rýmisleið sem verkfræðistofan Efla mælir með og mun það vera gertí gegnum Álagningarkerfi HMS. Fyrsti liður í verkefninu var kortlagning ílátá niður á staðföng, þ.e.a.s. talning ílátá við hvert heimili í öllu sveitarfélaginu.

Ílátatalning leiddi í ljós um 1083 staðföng sem hafa ílát. Ílátatalning fór þannig fram að staðfangalisti var fenginn frá HMS og merkt inn á hann fjölda og tegund sorptunna. Fylgt var eftir sorpbílum 7. til 11. nóvember síðastliðinn til að fá upplýsingar um hvert væri farið og hvar væri losað og fór það eftir sorpdagatalinu.

Ílátatalningin var mjög þörf og áhugaverð en í henni tóku þátt einn starfsmaður tæknideilda og þrír starfsmenn fjármála- og stjórnsýslusviðs sem komið hafa að umsjá eða innheimtu sorpgjalda. Mikil áhersla var lögð á það í verkefninu að utanaðkomandi aðilar væru ekki fengnir í ílátatalninguna og hefur það reynst okkur vel þar sem öll greiningavinna hefur gengið mun betur ásamt skilningur á vandræðastaðsetningum og þeim vandamálum sem sorphirðustarfsmenn standa frammi fyrir.

Starfsfólk sorphirðingarinnar þurf að kljást við mjög misjafnar aðstæður. Í mörgum tilvikum þarf að fara langa leið til að finna tunnur, niður eða upp langa stiga og eða brekkur. Í samþykkt Ísafjarðarbæjar um sorphirðu segir að sorpílát skuli standa sem næst aðkomu að lóð og vera aðgengilegar. Hér er því mikilvægt að sveitarfélagið skilgreini nánar hvernig og hvar sorpílát skuli staðsett og hvort að ekki þurfi að koma upp hvatakerfi til að styðjavið markmið sveitarfélagsins með t.d. skrefagjaldi. Það yrði þó ekki innheimt fyrr en haustið 2023 til að íbúar hafi tækifæri á að laga staðsetningu sorpíláta og gera úrbætur til að ekki þurfi að koma til þessa gjalds.

Sorpflokkun er mjög misjöfn og kom í ljós að sorphirðustarfsmenn kanna ástand allra tunna, en algengt er að endurvinnslutunnan sé nýtt undir almenntsorp og að misbrestur sé á flokkun lífræns úrgangs. Ekki verður séð í fljótu bragði að flokkun lagist af sjálfu sér án aðgerða sveitarfélagsins. Aftur má ímynda sér að hvatakerfi gæti komið að gagni svo sem að ekki sé losuð tunnaef hindranir eða röng flokkun sé til staðar. Miðakerfi yrði þá sett upp eins og titkast í öðrum sveitarfélögum til að upplýsa íbúa afhverju tunnan var ekki losuð. Íbúi gæti síðan óskað eftir aukaferð til losunar þegar vandamálið hefur verið leyst og þá greitt fyrir þá þjónustu samkvæmt gjaldskrá.

Frágangur á tunnum var á mörgum stöðum ábátavant. Tunnum voru bundnar þannig að ekki var mögulegt að losa þær og þá greip sorphirðufólk til þess ráðs að týna rusl upp úr tunnum í poka og bera það að sorpbílum. Stórir grjóthnullungar voru á nokkrum stöðum ofaná tunnum sem þurfti að færa tilað taka þær frá. Staðsetningin á tunnum var einnig í sumu tilvikum furðuleg þannig að erfitt var að ná tunnum frá staðsetningu og að bíl. Í þessum tilvum væri þá mikilvægt að sleppa því að losa tunnum og skilja eftir miða með ástæðum til að íbúar geti brugðist við, annaðhvort með því að bæta frágang á tunnum til framtíðar eða þá að passa að færa tunnum á losunardegi að lóðarmörkum þannig að auðvelt sé að taka þær og losa.

Heildarfjöldi ílátá sem fundust í talningu eru 2.558 og skiptist í eftirfarandi tegundir. Algengast er að við hús séu ein tvískipt 240l tunna með heimilissorpi og lífrænum úrgangi ásamt einni 240l endurvinnslutunnu.

Ílátatalning	
Heimilissorp og lífrænn úrgangur, 240l	1169
Heimilissorp 240l	57
Heimilissorp 660l	59
Heimilissorp 1100l	3
Lífrænn úrgangur 120l	3
Lífrænn úrgangur 240l	50
Endurvinnsla 240l	1166
Endurvinnsla 660l	48
Endurvinnsla 1100l	3
	2558

  
**TILKYNNING**

Reykjavík: \_\_\_\_\_ / \_\_\_\_\_ 201\_\_\_\_\_

**Tæming ílátá hefur ekki farið fram**

grátt / grænt ílát    blátt ílát

**Ógreiðfært:**

bifreið heftir aðgengi  
 hindrun að aðkomuleði  
 læst geymsla  
 ómokad / hält  
 líðlaust  
 annað \_\_\_\_\_

**Flokkun og umgengni:**

yfirfullt  
 fullt upp í rennu  
 rangt flokkad  
 spillefni, lyf eða annar hættulegur úrgangur  
 papplir / pappl  
 skilagjaldskildar umbúðir  
 garðaúrgangur, mürbrot og jarðeñni  
 timbur, málmur og grófur úrgangur

**UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ**

Nánari upplýsingar fást í síma 411-1111  
sorpha@reykjavik.is

## Gjaldskrá

Næsti liður í innleiðingaráætlun BÞHE hraðalsins er „útfærsla gjaldskrár“ og sá síðasti er „kynning og stuðningur“ en um þann síðari verður ekki fjallað hér.

### Rekstur 08230 Eyðing sorps

Mikilvægt er að rýna í þann kostnað sem hlýst við úrgangsstjórnun sveitarfélagsins. Reikna þarf nákvæmlega út hver raunverulegur fastur kostnaður sé og skoða leiðir til að lækka hann til frambúðar. Hér má sjá rekstur deildarinnar „Eyðing sorps“ fyrir árið 2021 ásamt áætlun ársins 2022 og 2023.

08230 Eyðing sorps	Ársreikningur 2021	Áætlun 2022	
		með viðaukum	Samþykkt áætlun 2023
0024 Þjónustugjöld fasteigna	-88.013.220	-97.228.850	-109.000.000
0891 Endurgreiðslur annarra	-2.068.500	0	0
0992 Aðrar tekjur, án vsk.	-567.450	-333.477	-500.000
2811 Smáverkfæri og áhöld	0	20.000	0
2854 Annar búnaður	211.771 FK	0	1.590.003
2971 Aðrar ótilgreindar vörur	0	0	100.000
4121 Vöru- og sendiferðabílar	0	0	0
4311 Lögfræðilbjónusta m. ekr. vsk.	0	0	0
4321 Verkfr. arkit.þjón. m. ekr vsk	0	0	0
4331 Endurskoðun m. ekr. vsk.	1.440 FK	30.003	30.000
4391 Sérfræðibj. án vsk. á reikn.	506.367 FK	0	0
4412 Mf. afnot rkst.ein. v. húsnæði	11.989.596 FK	12.088.593	12.899.892
4791 Viðlagatrygging, pakkatrygging	16.660 FK	19.559	106.000
4911 Prentun	0	0	200.000
4912 Auglýsingar	18.093 FK	0	100.000
4922 Félagsgjöld	98.767 FK	99.000	99.000
4933 Gíróseðlar, bankakostnaður	0	0	0
<b>4941 Sorphreinsun m. ekr. vsk.</b>	<b>83.002.664 SL</b>	<b>85.794.400</b>	<b>91.000.000</b>
4982 Mf. sorphreinsun m. ekr.vsk.	540.784 FK	527.552	836.619
4991 Önnur aðkeypt þjónusta	0	0	250.000
5911 Aðrir skattar og gjöld	0	263.240	24.300
5912 Mf. aðrir skattar og gjöld	139.725 FK	139.725	131.441
9691 Mf. þátttaka í sam. kostnaði	930.252 FK	1.112.208	2.132.745
<b>Niðurstaða reksturs, tap</b>	<b>6.806.949</b>	<b>2.531.953</b>	<b>0</b>

Sá kostnaður sem líta má á sem fastan kostnað hefur verið merktur með stöfunum „FK“. Frekari sundurliðun á reikningar frá Terra (lykill 4941) fyrir árið 2021 eru hér að neðan og hefur fastur kostnaður verið skilgreindur.

Sundurliðun á sorphreinsun	2021
Sorpirða Dreifbýli, 40 bær 7 km regla	2.051.825
Sorpirða þéttbýli	35.428.819
Sorpirða, blandaður úrgangur	12.163.131
Sorpirða, lifrænn úrgangur	2.475.342
Funi, gjaldfrjáls úrgangur	4.503.962
Funi rekstrarkostnaður	16.152.270 FK
Glergámur	18.209 FK
Hornstrandir, kar á höfn (grendarstöð)	185.891 FK
Núpur (grendarstöð?)	49.613 FK
Gróðurgámar FL, SU, Pl, HN	812.109 FK
Tunguskógar (grendarstöð)	188.765 FK
Hreinsunarátak græn víka (hætt)	463.913 FK
Grendargámar SU, FL, Pl	8.508.815 FK
<b>83.002.664</b>	
<b>Fastur kostnaður</b>	<b>40.833.040 49,2%</b>
<b>Breytilegur kostnaður</b>	<b>42.169.624 50,8%</b>
<b>83.002.664</b>	

Þessi kostnaðarskipting þó frekari rýningar varðandi ítarlegri skiptingu og flokkun. Einnig þarf að rýna frekar í kostnað við grendarstöðvar og hvort kostnaður við þær sé einungist deild á það húsnæði sem ætlast er til að nýti þeirra. Sjá má þó að þessu að fastur kostnaður erum 49% af heildar kostnaði við deildina.

### Fastur kostnaður 2023

Áætlaður heildar kostnaður árið 2023 er 109 miljónir króna. Leyfilegt að rukka að hámarki 50% þess kostnaðar sem fastan kostnað eða 54,5 m.kr. Í álagningu 2022 voru 1616 fastanúmer sem höfðu heilt fast gjald og 226 sem höfðu hálft fast gjald (sumarhús/takmörkuð ívera). Tekjur af sorpförgun 2022 voru samanlagt 67% af heildarkostnaði við sorphirðu og förgun.

Út frá þessum forsendum yrði nýtt gjald að vera 31.500 fyrir árið 2023 til að 50% kostnaðar sé innheimtur í fastum kostnaði í stað 67% áður. Það er 17% lækkun frá gjaldinu 2022 þar sem gjald fyrir sorpeyðingu er 37.900kr. Nýtt gjald fengi heitið „Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður“.

### Rúmmálsgjald og ílátategund

Árið 2022 er sorphirða á íbúðarhúsnæði kr. 19.900,- og hefði í óbreyttu fyrirkomulagi hækkað um 12,2% fyrir árið 2023 eða í 22.300,-. Á bak við það gjald voru í álagningu 2022 samtals 1592 einingar. Hefði þetta gjald verið haldið óbreyttu en skipt til helminga m.v. að á hverju heimili væru 2 tunnur, þá hefðu þetta verið 3.184 tunnur per einingu sem hefði þá fengið kr. 11.150 rukkun fyrir tvískipta alm/líf og kr. 11.150 rukkun fyrir tvískipta endurvinnslutunnu. Raunin er hins vegar að fjöldi ílátá er aðeins 2.558 og mjög breytilegur að stærð.

Lagt var upp með að byrja á því að stilla upp algengasta gjaldinu, sem eru tvær tvískiptar tunnur. Sorpgjöld á íbúðarhúsnæði voru þannig samanlagt kr. 57.800 árið 2022. Gjalskrá sorphirðu fyrir 2022 hefur áður fengið umræðu í nefndum með þeirri niðurstöðu að hækka ætti gjöldin um 12 % og hefðu þau því orðið 64.800 árið 2023. Miðað við að að fastur kostnaður lækki í 31.500 þá hefði kostnaður við ílátin þurft að hækka í 33.300 til að halda óbreyttum heildar kostnaði.

	2022	2023	2023 Nýtt 1
Sorphaðir	19.900	22.300	33.300
Sorpförgun/fastur kostn.	37.900	42.500	31.500
	<b>57.800</b>	<b>64.800</b>	<b>64.800</b>
	12,11%	12,11%	

Metið var svo að því gjaldi yrði skipt 60/40 niður á tunnu, þannig að almenna/lífrænt tæki 60% af gjaldinu og endurvinnslan 40%. Gjald í sama flokki í stærri tunnum var síðan hlutfallað upp, lífræna tunnan fékk sama gjald og tvískitpa tunnan en óskipt tunna fyrir blandaðan úrgang sett 30% dýrar. Þessi niðurstaða gefur okkur þó einungis 47,9 m.kr. í tekjur og vantar þá 6,6 m.kr. uppá til að reksturinn standi undir sér.

Ílátategund	Fjöldi ílátá	Verð	Tekjur
Heimilissorp og lífrænn úrgangur, 240l	1.169	19.980	23.356.620
Lífrænn úrgangur 120l	3	9.990	29.970
Lífrænn úrgangur 240l	50	19.980	999.000
Heimilissorp 240 l	57	25.974	1.480.518
Heimilissorp 660 l	59	71.429	4.214.282
Heimilissorp 1100 l	3	119.048	357.143
Endurvinnsla 240 l	1.166	13.320	15.531.120
Endurvinnsla 660 l	48	36.630	1.758.240
Endurvinnsla 1100 l	3	61.050	183.150
	<b>2.558</b>		<b>47.910.042</b>
<b>Fastur kostnaður</b>			<b>54.497.700</b>
<b>Samanlagt</b>			<b>102.407.742</b>
<b>Frávik</b>			<b>-6.587.658</b>

Næsta skref var þá að hækka gjaldið fyrir „sorphaðuna“ þannig að það yrði 11,86% hærra eða 37.250. Það þýðir þá að sorpgjöld á íbúðarhúsnæði eru að hækka um 18,94% á milli ára.

	2022	2023	2023 Nýtt 1	2023 Nýtt 2
Sorphirða	19.900	22.300	33.300	37.250
Sorpþorgun/fastur kostn.	37.900	42.500	31.500	31.500
	<b>57.800</b>	<b>64.800</b>	<b>64.800</b>	<b>68.750</b>
	<b>12,11%</b>	<b>12,11%</b>	<b>18,94%</b>	

Sömu útdeilingu var beitt við önnur gjöld og leiðir sú niðurstað til tekna upp á 53,6 m.kr. sem er viðunandi. Tekjur yrðu þá samanlagt um 108,1 m.kr. með tekjum vegna fasts kostnaðar

Ílátategund	Fjöldi ílátu	Verð	Tekjur
Heimilissorp og lífrænn úrgangur, 240l	1.169	22.350	26.127.150
Lífrænn úrgangur 120 l	3	11.200	33.600
Lífrænn úrgangur 240 l	50	22.350	1.117.500
Heimilissorp 240 l	57	29.100	1.658.700
Heimilissorp 660 l	59	80.000	4.720.000
Heimilissorp 1100 l	3	133.200	399.600
Endurvinnsla 240 l	1.166	14.900	17.373.400
Endurvinnsla 660 l	48	41.000	1.968.000
Endurvinnsla 1100 l	3	68.300	204.900
	<b>2.558</b>	<b>53.602.850</b>	
<b>Fastur kostnaður</b>			<b>54.497.700</b>
<b>Samanlagt</b>			<b>108.100.550</b>
<b>Frávik</b>			<b>-894.850</b>

### Dæmi um kostnað á staðföng - sérbýli, fjölbýli, dreifbýli og orlofshús.

Sérbýli: Öll sérbýli með tvær tvískiptar tunnum greiða samanlagt 68.750 í sorpgjöld í stað 57.800 árið 2022. Þaðer hækkun um kr. 10.950 eða 18,94%. Gjaldið verður því 5.729 kr. á mánuði en var 4.816 kr. á mánuði.

Fjölbýli: Áhrif nýrrar gjaldskrár á fjölbýlishús er mjög misjöfn og fer allt eftir fjölda tunna sem húsfélögin hafa komið sér saman um. Í lang flestum tilfellum er kostnaðurinn við nýtt kerfi að lækka fyrir fjölbýlishús m.v. gjöldin í ár og m.v. kostnað sérbýla 2023. Tek ég hér nokkur dæmi:

- Sindragata 4A: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 751.400,- þar sem um 13 íbúðir er að ræða (13\*57.800). Húsfelagið er hins vegar með samanlagt 8 240l tunnum, 4 endurvinnslu, 3 heimilissorp og 1 lífræn tunna. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 567.600 eða 183.800 kr. lægri sem nemur 24,5% hækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 43.600 kr. sem er 36,5 % lægra en gjöld á sérbýli.
- Hlíðarvegur 3,5 og 7: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 1.040.400,- kr. en um er að ræða 18 íbúðir. Húsfelagið er hins vegar með 2 lífrænar 240l tunnum, 4 660l tunnu fyrir heimilissorp og 2 660 l tunnu fyrir endurvinnslu. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 991.000,- kr. og lækka því um 49.400,- kr. sem er um 4,7% hækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 55.000 kr. sem er 20 % lægra en gjöld á sérbýli.
- Múlaland 12: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 635.800,- kr. en um er að ræða 11 íbúðir. Húsfelagið er hins vegar með 1 lífræna 240l tunnum, 3 660l tunnu fyrir heimilissorp og 1 660 l tunnu fyrir endurvinnslu. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 638.400,- kr. eða hækkun um 2.600,- kr. sem er um 0,4% hækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 58.036 kr. sem er 15,6 % lægra en gjöld á sérbýli.
- Múlaland 14: Heildar gjöld árið 2022 sem lögð voru á staðfangið voru 578.000,- kr. en um er að ræða 10 íbúðir. Húsfelagið er hins vegar með 1 lífræna 240l tunnum, 4 240l tunnu fyrir heimilissorp og 2 660l tunnu fyrir endurvinnslu. Gjöld á árinu 2023 verða því samanlagt 497.600,- kr. eða lækkun um 80.400,- kr. sem er um 14% hækkun. Gjald hverrar íbúðar mun skiptast eftir fermetrafjölda en verður að meðaltali um 49.760 kr. sem er 27,6 % lægra en gjöld á sérbýli.

Dreifbýli utan 7 km: Allt dreifbýli utan 7 km greiddu á árinu 2022 kr. 37.900 fyrir sorpförgun. Þær eignir fá nú nýtt gjald í stað þess sem heitir „Rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður,, og er kr. 31.500. Kostnaður dreifbýlis lækkar því um 16,9% á milli ára og verður 2.625 kr. á mánuði.

Orlofshús og húsnæði með takmarkaða íveru v. snjóflóðahættu: Á árinu 2022 greiddu orlofshús hálfir gjald fyrir sorpeyðingu eða 18.950,- kr. Það gjald verður kr. 15.750 á árinu 2023 og mun kallast „Rekstur grenndar- og

söfnunarstöðva og annar fastur kostnaður sumarhús/takmörkuð ívera“. Kostnaður orlofshúsa lækkar því um 16,9% og verður 1.312 kr. á mánuði.

## Viðbótargjöld

*Breytingargjald:* Nýtt kerfi mun valda miklum auka kostnaði við skráningar og er því lagt til að breytingargjald verði lagt á allar beiðnir um breytingar sem verða eftir að fyrsta breyting á sér stað vegna átaks/útskiptingu á tunnum. Miðað væri þá t.d. við að því átaki væri lokið fyrir 1.10.2023 og allar óskir um breytingar eftir það yrði greitt fyrir sérstaklega.

*Skrefagjald:* Ef sorphirðufólk þarf að sækja ílát lengra en x metra frá sorpbíl bætist viðbótargjald við. Hægt er að komist ljá því að greiða það með því að færa tunnumnar varanlega eða á losunardegi innan x metra. Hjá Reykjavíkurborg hefur þetta viðmið verið 15 m.

*Endurnýjunargjald:* Sorpílatin eru eign Ísafjarðarbæjar. Ísafjarðarbær sér um endurnýjun og viðhald á skemmdum ílátum. Ef tjón á ílát er hægt að rekja til slæmrar umgengni kann íbúi að þurfa að greiða fyrir kostnað við endurnýjun þess og gjald fyrir að koma því á staðin. Íbúar bera ábyrgð á að hreinsa ílátin.

*Aukalosunargjald:* Ef ílát hefur ekki verið losað vegna hindrana, rangrar flokkunar eða af öðrum ástæðum getur íbúi óskað eftir aukaferð til losunar þegar vandamálið hefur verið leyst. Greitt er fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá.

## Niðurlag

Vænta má þess að fjöldi tunna á árinu 2023 gæti tekið miklum breytingum taki íbúar við sér í bætri flokkun og fækku tunna, þó þannig að fjórflokk flokkun sé til staðar sem verður skylda og m.a. átak varðandi það sem alls ekki megi henda í almennu tunnuna. Fara þarf í mikla kynningarvinnu á næstu mánuðum til að íbúar séu uppýstir um rétta flokkun og hvernig aðgengi eigi að vera að tunnum ásamt öðru sem máli skiptir til að ná þeim markmiðum að draga úr myndum úrgangs og auka endurvinnslu og aðra endurnýtingu.

Sjá hér að neðan myndir frá ílátaskráningu á staðföng

**Myndir frá talningu**







## **Viðauki II Minnisblað – breyting gjalddskráa vegna BþHE**

Minnisblað þetta er ritað í tilefni af fyrirhuguðum breytingum á formi og innheimtu sorphirðugjalfa gagnvart íbúum og fyrirtækjum vegna breytinga sem gerðar hafa verið á lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Stefnt er að því að svara eftirfarandi spurningum:

Er heimilt að breyta gjalddaga og gjalddskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2023:

- A. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjalddskrá ársins 2023.
- B. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjalddskrá ársins 2023 og áður en komið er að fyrsta gjalddaga.
- C. Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjalddskrá ársins 2023 og eftir að búið er að leggja á fyrsta gjalddaga (senda álagningarseðil).

Fyrirvari er á að ekki var farið í djúpa greiningu á mismunandi formi á innheimtu í mismunandi sveitarfélögum.

### **I. Málavextir:**

Með lögum nr. 103/2021 voru gerðar tilteknar breytingar á ákvæðum laga um meðhöndlun úrgangs. Með lögunum var breytt ákvæði 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, þar sem fram kemur að skylt sé að innheimta gjald sem næst raunkostnaði við viðkomandi þjónustu, með því að miða gjald við magn úrgangs, gerð, losunartíðni, frágang úrgangs eða annað.

Lögin tóku gildi frá 1. janúar 2023. Fyrir liggur að fjöldi sveitarfélaga hefur nú þegar samþykkt gjalddskrár sem miða við eldra fyrirkomulag, en hafa hug á að breyta gjaldtöku í samræmi við nýtt fyrirkomulag, sem þó getur verið mismunandi milli sveitarfélaga.

### **II. Sjónarmið**

Sveitarfélög hafa forræði á setningu gjalddskráa hjá sínu sveitarfélagi. Heimild til gjaldtöku getur þó verið mismunandi, allt eftir því hvers kyns gjöld um er að ræða. Stærstur hluti gjalddskráa sveitarfélaga eru þjónustugjöld og eiga gjöldin að endurspegla raunkostnað sveitarfélagsins við veitingu þjónustunnar. Í 23. gr. laga um meðhöndlun úrgangs er lagaheimild til töku þjónustugjalds vegna meðhöndlunar úrgangs.

Algengast er í rekstri sveitarfélaga að gera og/eða staðfesta gjalddskrár árlega og þá við áramót og birta þær í b-deild Stjórnartíðinda (ekki er um algilt fyrirkomulag að ræða þar sem sum sveitarfélög eru með eldri gjalddskrár sem uppfærast skv. vísitölu). Þrátt fyrir þessa hefð í rekstri sveitarfélaga hefur sveitarfélag fullt forræði á því að breyta gjalddskrám á öðrum tímapunkti heldur en við áramót og er ekkert í lögum sem bannar slíkt. Sú gjalddskrá getur þó aldrei byrjað að hafa áhrif á íbúa/fyrirtæki sveitarfélagsins fyrr en eftir samþykkt slíkrar gjalddskrár í sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags og í kjölfarið birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Algengt er í rekstri sveitarfélaga að gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs séu innheimt á sama tíma og fasteignagjöld. Er þá sendur út álagningarseðill í upphafi árs fyrir bæði fasteignagjöldum og gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs og algengt er að þeim gjöldum sé skipt í mánaðarlega gjalddaga (oftast um 10). Hafi álagningarseðill verið sendur út þar sem fram kemur heildarupphæð og skipting gjalda vegna meðhöndlunar úrgangs getur það veitt íbúum væntingar um að það séu endanleg gjöld vegna

meðhöndlunar úrgangs vegna þess árs, sem getur valdið því að breyting til hækkunar teljist ekki vera heimil.

Allar breytingar á gjaldskrá sem eru til lækkunar á gjöldum fyrir meðhöndlun úrgangs eru þó ávallt heimilar enda um ívilnandi aðgerð að ræða fyrir viðkomandi íbúa. Auk þess væri ávallt heimilt að breyta gjaldskrá með þeim hætti að greitt yrði fyrir aukna þjónustu sem væri valkvæð, s.s. ef bæta ætti við ílátí við heimili, eða breyta stærð íláta. Slíkt yrði þó að byggja á beiðni viðkomandi íbúa en ekki skyldu hans til þess að greiða umrætt gjald.

Við skoðun á málinu þarf að líta til þess að ef á reynir á gjaldtöku gagnvart borgurum landsins þá er íþyngjandi gjaldtaka metin með ströngum hætti gagnvart þeim opinbera aðila sem er að leggja íþyngjandi gjöld á einstaklinga. Er álit þetta því gefið með það í huga að sveitarstjórnir séu meðvitaðar um hvers beri sérstaklega að gæta við ákvarðanir hvað varðar álagningu gjalda sem leiða til hækkunar gagnvart einstaklingum.

### III. Álit

Er heimilt að breyta gjalddaga og gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2023:

A. *Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023.*

Ekcert í lagaumgjörð sveitarfélaga eða því sem fram kemur í lögum um meðhöndlun úrgangs kemur í veg fyrir að gjaldskránni sé breytt áður en kemur að innheimtu umrædds gjalda. Hafi því hvorki verið sendur út álagningarseðill eða gefinn út reikningur með öðrum hætti vegna þeirra gjalda sem um ræðir ætti að vera heimilt að breyta gjaldskrá og birta þá nýja gjaldskrá með breyttri tilhögun innheimtu.

Nauðsynlegt er að taka fram að sú þjónusta sem á að veita skv. gjaldskránni þarf þá að vera til staðar frá gildistöku gjaldskrárinnar. Ef sveitarfélagið er ekki tilbúið til þess að innleiða nýtt fyrirkomulag er hægt að útbúa gjaldskrá sem miðar við að breytt fyrirkomulag taki gildi á árinu, en dæmi um það eru til bæði frá Reykjavíkurborg og Borgarbyggð og mögulega fleiri sveitarfélögum.

B. *Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023 og áður en komið er að fyrsta gjalddaga.*

Hafi álagningarseðill verið sendur út til íbúa verður að gjalda varhug við því að gjaldskrá sé breytt eftir þann tíma og í samræmi við nýsamþykkta gjaldskrá, nema breytingar á gjaldskrá teljist ívilnandi og/eða valkvæðar.

Hafi álagningarseðill/reikningur ekki verið sendur út má ætla að rýmri heimild sé til staðar til þess að breyta fyrirkomulagi gjalda hjá sveitarfélagini, þó óheppilegt væri að gera það þegar mjög langt yrði liðið á árið (til dæmis ef álagning er eingöngu einu sinni, t.d. að hausti). Hið sama gildir og að ofan greinir að breytingar til ívilnunar eða valkvæð þjónusta væri heimil.

C. *Eftir að sveitarstjórn hefur samþykkt gjaldskrá ársins 2023 og eftir að búið er að leggja á fyrsta gjalddaga.*

Þegar búið er að leggja á fyrsta gjalddaga verður að gjalda varhug við því að breyta föstum gjöldum til hækkunar nema nýtt fyrirkomulag sé til lækkunar gjalda, eða sé valkvæð, s.s. með því að óska eftir minni ílátum, tíðni hirðingar sé breytt o.s.frv.

#### **IV. Lausnir**

Þau sveitarfélög sem hafa samþykkt gjaldskrár miðað við eldra fyrirkomulag geta mátað aðstæður í sínu sveitarfélagi að ofangreindum svörum. Jafnframt er hægt að fá álit sambandsins á því hvort mögulega væri hægt að koma á breyttri gjaldskrá miðað við aðstæður sveitarfélags.

Ef sveitarfélag er ekki tilbúið til þess að breyta fyrirkomulagi fyrr en síðar á árinu ættu þau sveitarfélög að líta til þeirra fyrirmynnda að sveigjanlegri gjaldskrá sem vísað er til að ofan.

Reykjavík

Borgarbyggð

Ef sveitarfélög eru tilbúin til þáttöku í breyttu fyrirkomulagi og eru tilbúin með nauðsynlega innviði, s.s. samninga við sorphirðuaðila og annan búnað (mismunandi tunnur ef því er að skipta), er fremur hægt að gera gjaldskrá sem nýta mætti til fleiri ára en ekki sveigjanlega gjaldskrá eins og einstök sveitarfélög hafa sett sér, sem fyrirsjáanlegt er að þurfi að breyta í samræmi við reynslu af verkefninu og því að búið sé að ákveða endanlegt fyrirkomulag í viðkomandi sveitarfélagi. Hér má t.d. nefna gjaldskrá Ísafjarðarbæjar, Bláskógabyggðar og gjaldskrá Grímsnes- og Grafningshrepps:

Ísafjarðarbær

Bláskógabyggð

Grímsnes- og Grafningshreppur

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Hjördís Guðmundsdóttir <hg01@almannavarnir.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 2. febrúar 2023 19:10  
**Subject:** Hvers vegna erum við öll almannavarnir? Ráðstefna Almannavarna fimmtudaginn 27. apríl kl. 13:00-17:00

Góðan dag.

Árleg ráðstefna Almannavarna verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica **fimmtudaginn 27. apríl kl. 13:00-17:00.**

Á ráðstefnunni verður leitast við að svara spurningunni hvers vegna erum við öll almannavarnir. Skráning hefst fljótlega eða um leið og dagskráin sem er í vinnslu verður tilbúin. Aðgangur verður ókeypis.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Hjördísi Guðmundsdóttur, samskiptastjóra Almannavarna ([hg01@almannavarnir.is](mailto:hg01@almannavarnir.is)).

Hlökkum til að sjá ykkur fimmtudaginn 27. apríl nk.

F.h. hönd Almannavarna

**Hjördís Guðmundsdóttir**

Samskiptastjóri  
Almannavarnir

[hg01@almannavarnir.is](mailto:hg01@almannavarnir.is)

**Ríkislöggreglustjóri**

Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

[rls@rls.is](mailto:rls@rls.is)  
4442500



---

UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI

 **Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**